

**Varðar jarðhitaleit kringum Traðir í
Staðarsveit**

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-2000-16



Varðar jarðhitaleit kringum Traðir í Staðarsveit

Jarðhiti er á tveim stöðum í Staðarsveit, á Lýsuhóli og í Brautarholti (Bergsholti). Á Lýsuhóli hefur fundist tæplega 60°C heitt vatn með grunnum borunum. Vatnið er kolsýruríkt og mikil útfelling úr því. Það hentar ekki í hitaveitu þar sem þyrfti langar lagnir. Í Brautarholti hefur fengist um 30°C heitt vatn, einnig í grunnum borholum. Vatnið sem þar fæst er nokkuð salt og efnaríkt. Frekari rannsóknir og boranir þyrfti til að meta notagildi vatnsins í Brautarholti.

Utan þessara þekktu jarðhitastaða hafa jarðhitalíkur lítið verið kannaðar í Staðarsveit. Fyrir mörgum árum voru viðnámsmælingar reyndar á Snæfellsnesi, en gáfust ekki vel. Hitastigulsholur hafa verið boraðar á nokkrum stöðum í Staðarsveit. Fimm af sex holum sem þar hafa verið boraðar eru nokkurn veginn í röð frá vestri til austurs, en engin samfelld mynd liggur fyrir af hita í bergi (hitastigli) innan sveitarinnar. Hólkotsholan er ein og stök vestarlega í sveitinni.


Upplýsingar um hitastigulsholurnar eru gefnar í töflu og á korti (mynd 1).


<i>Staður</i>	<i>Holudýpi</i>	<i>Hitastigull</i>
Hólkot	140 m	~100°C/km
Kirkjuhóll	50 m	~60°C/km
Ytritunga	50 m	~70°C/km
Traðir (við Langavatn)	100 m	~70°C/km
Traðir (norðan við bæ)	53 m	~85°C/km
Traðir (austur við sumarhús)	50 m	~100°C/km

Svæðisstigullinn í Staðarsveit virðist vera á bilinu 60-70°C/km. Holurnar á Tröðum eru austastar í áður nefndri holuröð. Stigullinn í þeim fer hækkandi til austurs. Eðlilega vaknar því spurning um staðbundið hitafrávik enn austar. Þess er einnig að gæta að á utanverðu Snæfellsnesi hafa fundist stór svæði með afbrigðilega háan hitastigul, þ.e. á bilinu 100-130°C/km án þess að nokkurs staðar kæmi fram eiginlegur hitatoppur sem gæfi von um gjöfult jarðhitakerfi. Á þessu stigi er alveg óvíst hver útkoman yrði á Tröðum. Úr því fengist ekki skorið nema með fleiri hitastigulsholum. Þrjár holur gæti þurft til skera úr. Ef niðurstaðan úr þeim yrði sú að hitafrávikid væri staðbundið gæti þurft svo sem fimm holur í viðbót til að afmarka frávikid nægilega vel svo hægt yrði að staðsetja dýpri holu í von um að ná upp heitu vatni.

Svæðið sem beina þyrfti leitinni að er misjafnlega greiðfært. Vestan við Staðará er það auðvelt yfirferðar. Austan hennar er sandrif næst sjónum og allstór vatnsflói og mýrlendi ofan við. Klapparholt sjást norður og austur af vatnsflóanum Nokkur óvissa er um dýpi á fast berg. Ekki er ólíklegt að það sé kringum 30 m þegar kemur svo sem 1 km austur fyrir Staðará. Verð hvernar holu við slíkar aðstæður gæti verið um 350.000 kr miðað við 3" vídd og 70 m dýpi (án vsk). Verðið yrði 100-150.000 krónum lægra þar sem ekki þyrfti fóðra djúpt. Við holuverðið bætist annar rannsóknakostnaður sem gæti numið um 50.000 kr á holu.

Líklega væri auðveldast að bora holurnar að vetri til meðan frost er í jörð.


Kristján Sæmundsson



CELAND 1:50,000

FURUBREKKA 0.8 KM.

jartit

Heimsvæði

28° 27' 20"

481'11

480'10

479'09.55'

478'08

477'07

476'06

475'05

474'04

473'03

472'02

471'01

470'00

469'99


469'98

469'97



02-ágú-2000
ks s=30741

Traðir í Staðarsveit TR-01 Snæfellsbær






02-ágú-2000

ks s=30743

**Traðir í Staðarsveit TR-03
Ca. 300 m. vestur af holu nr. 2
Snæfellsbær**





02-ágú-2000

ks s=30742

Traðir í Staðarsveit TR-02 Norðan við veiðihús Snæfellsbær

